

Lög

um breytingu á lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015 (starfsleyfi).

1. gr.

2. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: *Geymslustaður* er svæði eða rými þar sem ökutækjaleiga geymir skráningarskyld ökutæki.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „hafa fasta starfsstöð“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: geyma skráningarskyld ökutæki.
- b. Í stað orðsins „ökutækjaleigu“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: geymslustaðar.
- c. Orðið „hennar“ í 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.
- d. 5. mgr. orðast svo:
Ökutækjaleiga skal hafa geymslustað þar sem skráningarskyld ökutæki eru geymd. Ökutækjaleiga getur á grundvelli starfsleyfis haft geymslustaði í fleiri en einu sveitarfélagi og skal hún þá tilkynna Samgöngustofu um geymslustaðina, auk þess sem jákvæð umsögn sveitarstjórnar skal liggja fyrir.
- e. Orðin „en leyfishafi skal þó alltaf hafa fasta starfsstöð“ í 1. málsl. 6. mgr. falla brott.

3. gr.

Í stað orðanna „umsækjandi eða forsvarsmaður“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: umsækjandi og/eða forsvarsmaður.

4. gr.

8. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Leyfisbréf skal vera sýnilegt á vefsíðu leyfishafa eða aðgengilegt leigutaka með öðrum hætti.

5. gr.

6. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Leyfisbréf skal vera sýnilegt á vefsíðu leyfishafa eða aðgengilegt leigutaka með öðrum hætti.

6. gr.

Í stað orðanna „leyfishafi eða forsvarsmaður“ tvívegis í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: leyfishafi og/eða forsvarsmaður.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

- a. 1. tölul. fellur brott.
- b. Í stað orðanna „starfsstöð eða útibú“ í 2. tölul. kemur: starfsemi.
- c. 9. tölul. orðast svo: 8. mgr. 6. gr. um skyldu til að hafa leyfisbréf sýnilegt á vefsíðu leyfishafa eða aðgengilegt leigutaka með öðrum hætti.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 23. maí 2023.